

105 8. okt. dvöl Odds var þegar slitin áður, þá er hann þáði ábyrgð fátækrastrjórnar Hafnarfjarðar á legukostnaði konu sinnar og dóttur í Landakotsspítala. Oddur er því sveitlægur í Þingvallahreppi og Hafnarfjarðarkaupstaður á beinan aðgang að þeim hreppi um endurgjald á styrknum, er hreppnum ber að endurgreiða allan, þar sem hælið, er konan dvaldi og lögð var á eftir læknisráði, liggur í öðru sveitarfjelagi og er kaupstaðnum óviðkomandi.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að nefndur Oddur Jónsson skuli teljast sveitlægur í Þingvallahreppi, og að þessi hreppur skuli endurgreiða Hafnarfjarðarkaupstað umræddan styrk til Odds með 467 kr. 25 aur.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Þingvallahrepps.

106 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um slysfaraskýrslur.**

9. okt. Með brjefi, dags. 15. maí þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að landlæknir hafi vakið máls á því, að skýrslur presta um mannalát af slysförum muni oft og tíðum vera talsvert skakkar, og skekkjan alt af í þá átt, að slysfaratalið sje of lágt. Hafið þjer jafnframt bent á ýmsar leiðir til þess að bæta úr þessum misfellum.

Til þess að bæta úr þessu hefir stjórnarráðið lagt fyrir sýslumenn og bæjarfógeta að brýna fyrir eigendum og útgerðarmönnum skipa, hvort heldur opinna báta eða stærri skipa, að tilkynna sóknarpresti sínum nöfn og heimilisfang þeirra manna, er á skipum þeirra farast.

Jafnframt því að tjá yður þetta, skal stjórnarráðið fela yður að leggja fyrir sóknarprestana, að ganga eftir þessum skýrslum frá útgerðarmönnum, og, ef til kemur, að kæra vanrækslu í þessu efni fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að leggja fyrir sóknarprestinn þar sem skipið á heima eða var gjört út, að tilkynna slysförina þeim presti, þar sem hinn dani átti lögheimili eða taldi sig eiga það, og tilgreina hver lík hafi rekið og verið greftruð. Sá presturinn, sem greftrunina framkvæmir, á að tilfæra dauðsfallið eða slysförina í bókum og dánarskrám hjá sjer. Í öðru lagi ber yður að leggja fyrir sóknarprestinn, þar sem hinn dani átti lögheimili, að færa dauðsföllin og slysfarirnar í embættisbókum hjá sjer, öll nema þau þar sem greftrun annarsstaðar hefir átt sjer stað. Um dauðsföll þeirra, er dáið hafa af slysförum í fjarlægð og verið greftraðir annarsstaðar, ber prestinum að gjöra athugasemd í bækur sínar og á slysfaraskýrslu, án þess þó að taka þá með í töluna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.